

Sveitarfélagið Hornafjörður
Anna Bragadóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Garðabær, 29. september 2023
Málsnúmer: 202309-0026
IAS

Efni: Nýtt verslunar- og þjónustusvæði á Höfn, lýsing (Breyting á aðalskipulagi)

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem barst í gegnum þjónustugátt, dags. 18. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir nýtt verslunar og þjónustusvæði á Höfn.

Afmarkað er nýtt svæði nálægt norðurjaðri núverandi byggðar fyrir rýmisfreka verslunar- og þjónustustarfsemi og til samanburður eru skilgreindir valkostir innan núverandi byggðar og þeir bornir saman með tilliti til tiltekinna matsþátta.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og gerir ekki athugasemdir á þessu stigi málsins. Það er þó mat stofnunarinnar að æskilegra sé að nýtt verslunar- og þjónustusvæði verði byggt upp innan núverandi byggðar frekar en á landbúnaðar- eða opnum svæðum í útjaðri bæjarins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur

